

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 60. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl.

Ráðuneytið tilkynnir hér með þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, að það hefur ákveðið, skv. heimild í 60. tl. 3. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að af véllum hráefnum til iðnaðar tollafgreiddum á tímabilinu 1. janúar til 5. mars 1974 skuli endurgreiða eða fella niður gjaldamun eins og hann reiknast vera af vörum þessum annars vegar skv. eldri tollskrárlögum nr. 1/1970 og hins vegar skv. nýsettum tollskrárlögum nr. 6/1974.

Endurgreiðslubeiðnir skulu sendar ráðuneytinu í skriflegu erindi og hafa borist eigi síðar en 15. apríl 1974. Aðeins verður um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjaldmunar að ræða til fyrirtækja, sem leggja stund á framleiðslu iðnaðarvara.

Endurgreiðslubeiðnir iðnfyrirtækis skulu studdar eftirfarandi gögnum:

1. Frumriti tollreiknings (ekki ljósrít), ásamt vörureikningi (faktúru).
2. Útreikningi aðflutningsgjalda á viðkomandi vörum, samkvæmt lögum um tollskrá o. fl. nr. 6/1974, er gerður sé á venjulegri aðflutningsskýrslu. Skal skýrslan fyllt út eins og fyrri skýrsla, að öðru leyti en því, að reikna skal út gjöld með hinum breytta tolli.

Í erindinu skal tilgreina sérstaklega útreiknaðan gjaldamun skv. lögum nr. 6/1974 og lögum nr. 1/1970 um tollskrá o. fl. Jafnframt skal í erindinu vera yfirlýsing endurgreiðslubeiðanda um, að hann stundi iðnrekstur og að viðkomandi vörur séu eingöngu ætlaðar til framleiðslu iðnaðarvara.

Nú hefur innflytjandi iðnaðarhráefni eða iðnaðarvél í birgðum hinn 15. apríl 1974, sem tollafgreidd hafa verið á tímabilinu 1. janúar til 5. mars 1974, og skal þá heimilt að endurgreiða gjaldamun af fyrrgreindum vörum, enda hafi sala þeirra innanlands til nota við framleiðslu iðnaðarvara átt sér stað fyrir 15. maí n. k. Iðnfyrirtæki eða iðnrekandi, sem keypt hefur vöruna, skal þó sækja um endurgreiðsluna, sbr. framanritað.

Endurgreiðslubeiðnir, sem berast ráðuneytinu eftir 1. júní 1974, verða ekki teknar til greina.

Fjármálaráðherra skipar 3 menn, þar af einn eftir tilnefningu Félags ísl. iðnrekenda til að fjalla um endurgreiðsluhæfi endurgreiðslubeiðna. Úrskurður þeirra er fullnaðarúrskurður í hverju því máli, sem fjallað verður um skv. ákvæðum auglýsingar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 19. mars 1974.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Dorsteinn Ólafsson.